

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Umhverfi Goðafoss. Breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 1. júní 2017 breytingu á deiliskipulagi Goðafoss og umhverfis í Þingeyjarsveit.

Breytingin felst í því að bílastæði austan Skjálfandafljóts við Bárðardalsveg eystri eru stækkuð og þeim fjölgað úr 34 í 90.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 12. júlí 2017.

Bjarni Reykjalm, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. júlí 2017